

AUGLÝSING

um merki Kópavogskaupstaðar.

Bæjarstjórn Kópavogs hefur á fundi sínum 26. marz 1965 samþykkt að taka upp merki fyrir Kópavogskaupstað.

Merkið er hvítur bogi með stílfærðum kóp fyrir neðan, en hvítum láréttum og lóðréttum strikum á milli á grænum grunni.



Hvers konar notkun merkisins án leyfis bæjarstjórnar Kópavogs er óheimil.

Bæjarstjórnin í Kópavogi, 30. desember 1965.

Hjálmar Ólafsson.

REGLUGERÐ

fyrir vatnsveitu Stokkseyrar.

1. gr.

Hreppsnefnd Stokkseyrarhrepps hefur einkaleyfi til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á því svæði, er hún nær yfir.

2. gr.

Hreppsnefnd Stokkseyrarhrepps hefur á hendi yfirstjórn vatnsveitunnar og sér um fjárreiður og bókhald.

3. gr.

Vatnsveitunefnd, sem kosin er af hreppsnefnd til 4 ára í senn, skipuð 3 aðalmönnum og jafnmörgum til vara, búsettum á Stokkseyri, annast öll framkvæmdastörf, viðhald og endurbætur vatnsveitunnar, í samráði við oddvita og hreppsnefnd, sem ákveður þóknun vatnsveitunefndar.

Að einróma tillögu vatnsveitunefndar getur hreppsnefnd ákveðið að ráða sérstakan umsjónarmann til að annast framangreind störf í þágu veitunnar, ásamt öðrum, sem honum kunna að verða falin.